

FR Á S Ö G N

af 136. þingi Alþjóðáþingmannasambandsins (IPU) og tengdum fundum í Genf 1.–5. apríl 2017.

Af hálfu Íslandsdeildar þingmannanefndar IPU sóttu fundinn Birgitta Jónsdóttir varaformaður og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir auk Örnú Gerðar Bang, ritara Íslandsdeildar.

Helstu mál á dagskrá voru ályktanir um hvernig stuðla mætti að auknu alþjóðlegu samstarfi um ný markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með sérstaka áherslu á konur sem drifkraft þróunar og hlutverk þjóðþinga við að koma í veg fyrir afskipti utanaðkomandi af málefnum fullvalda ríkja. Jafnframt fór fram almenn umræða um hvernig hægt væri að berjast gegn misrétti í heiminum. Þá fór fram utandagskrárumræða um aðlþjóðlegar aðgerðir í baráttunni gegn hungursneyð í Afríku og Jemen. Enn fremur var haldinn kvennafundur dagana 31. mars og 2. apríl í tengslum við þingið þar sem m.a. var rætt um stöðu kvenna í þjóðþingum heims. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir tók þátt í umræðum á fundinum og sagði frá góðri stöðu jafnréttismála hér á landi og háu hlutfalli þingkvenna og kvenráðherra, en tók þó fram að enn mætti gera betur.

Um 1.200 þátttakendur sóttu þingið, þar af um 600 þingmenn (191 þingkona) frá 126 ríkjum, 46 þingforsetar og 36 varaþingforsetar.

Tólþlús-hópurinn, sem er samstarfsvettvangur vestrænna lýðræðisríkja, hittist að venju flesta morgna meðan á þinginu stóð. Á þeim fundum var farið yfir helstu mál þingsins og afstaða sendinefnda samræmd eins og hægt var, auk þess sem valdir voru fulltrúar hópsins í embætti og störf á vegum IPU. Fulltrúar Tólþlús-hópsins í framkvæmdastjórn og stýrihópum IPU kynntu helstu niðurstöður síðustu funda stjórnarinnar og fundar stjórnarnefndar.

Sérstök nefnd um mannréttindi þingmanna gegnir veigamiklu hlutverki innan IPU og eru þingmenn kosnir til fimm ára setu í nefndinni. Birgitta Jónsdóttir var valin sem annar tveggja fulltrúa tólþlús-hópsins í nefndina en kosning fór fram á þingfundi 5. apríl. Nefndin gefur út viðamikla skýrslu fyrir hvert þing. Á grundvelli skýrslunnar samþykkir ráð IPU fjölmargar ályktanir um mannréttindabrot gegn þingmönnum. Nefndin vinnur mikið starf á milli þinga þar sem hún fer yfir mál þingmanna sem mannréttindi hafa verið brotin á, hvort sem um er að ræða fangelsun, hótanir, barsmíðar, mannhvarf eða dauðsfall. Nefndin heimsækir viðkomandi lönd, ræðir við málsaðila og aflar gagna. Málum er fylgt eftir, oft árum saman, þar til niðurstaða fæst. Mál Birgittu gegn bandaríska ríkinu var til umræðu hjá nefndinni frá febrúar 2011 og var ályktun á grundvelli málsins samþykkt á ráðsfundi á haustþingi samtakanna 2011.

Sjö tillögur að neyðarályktun voru lagðar fram við upphaf þingsins. Aðeins er hægt að taka fyrir eitt mál utan dagskrár á hverju þingi samkvæmt reglum IPU. Fyrir valinu varð sameiginleg tillaga Belgíu, Kenýa og Bretlands um aðkallandi neyð af völdum hungursneyðar og þurrka í hluta Afríku og Jemen. Í ályktuninni var kallað eftir aðgerðum frá þjóðþingum heims til að bjarga milljónum mannlífa frá hungri og þurrkum og þrýst á stjórnvöld að styrkja mannúðaraðgerðir til að afstýra frekara hættuástandi. Þá séu Eþíópía og Kenýa á lista yfir tíu efstu ríki heims sem taka á móti flestum flóttamönnum. Þessir flóttamenn eru sérstaklega berskjaldaðir í núverandi hættuástandi. Ályktun þingsins endurspeglar kjarna umræðunnar og var hún samþykkt samhljóða.

Almenn umræða fór fram um pólitískt, efnahagslegt og félagslegt ástand í heiminum og var sjónum beint að misrétti. Birgitta og Áslaug Arna tóku báðar þátt í umræðunum fyrir hönd Íslandsdeildar. Birgitta lagði í ræðu sinni áherslu á þann raunveruleika að aðeins örfáir valdamiklir einstaklingar eiga meira en 99% auðs í heiminum, en misskipting auðs er samkvæmt Oxfam (alþjóðasamtökum sem berjast gegn fátækt í heiminum) eitt stærsta vandamálið sem mannkynið stendur frammi fyrir. Hún gagnrýndi aðgerðaleyfi stjórnvalda og sagði jafnvel fulltrúa valdamestu ríkja heims vanmáttuga gegn vandanum á meðan ekki er yfirlýst á heimsvísu að þessi misskipting sé fullkomlega óásættanleg. Þá benti hún á að ef öll aðildarríki IPU mundu innleiða að fullu mannréttindarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og þær fjölmörgu ályktanir IPU sem samþykktar hafa

verið undanfarna áratugi væri von um breytingar til aukins jafnréttis. Tíminn sé að renna út og verði ekkert gert til þess að draga úr ójöfnuði muni það skapa eldfimt ástand sem auki enn frekar á ööryggi og vinni gegn baráttunni gegn fátækt og auknu jafnrétti.

Áslaug Arna lagði í ræðu sinni áherslu á mikilvægi þess að horft sé til kynjajafnréttis og menntunar eigi árangur að nást í baráttunni gegn misrétti og misskiptingu auðs í heiminum. Menntun sé okkar öflugasta vopn gegn misrétti og nauðsynlegt sé að bæði drengir og stúlkur hafi jafnan aðgang að henni. Það sé skilyrði þess að samfélög nái að þróast. Þá sagði hún jafnrétti kynjanna forgangsmál í bæði innanríkis- og utanríkisstefnu íslenskra stjórnvalda. Sú stefnumótun sé mikilvægur þáttur í því að styrkja velferð og tryggja jöfn tækifæri fyrir bæði menn og konur í samfélaginu.

Við lok almennrar umræðu samþykkti þingið yfirlýsingu þar sem helstu áhersluatriði umræðunnar voru dregin saman. Lögð var áhersla á að öfgakennt ójafnrétti væri afar kostnaðarsamt fyrir samfélög. Það hefði hamlandi áhrif á efnahagsvöxt, græfi undan lýðræði og sátt í samfélaginu og yki hættuna á ofbeldi og ööryggi.

Fastanefndirnar tóku fyrirframákveðin mál til umfjöllunar. Í 1. nefnd, um frið og alþjóðleg öryggismál, var rætt um hlutverk þjóðþinga við að koma í veg fyrir afskipti utanaðkomandi af málefnum fullvalda ríkja. Fulltrúar Tólfplús-hópsins höfðu lýst yfir áhyggjum af efni ályktunarinnar og að umræðu hennar og efnistöð væru í andstöðu við alþjóðleg viðmið varðandi afskipti af málefnum fullvalda ríkja. Fulltrúar Tólfplús-hópsins voru almennt sammála um mikilvægi þess að fylgja sérstaklega eftir störfum nefndarinnar og taka þátt í umræðum og kosningu um breytingartillögur og afgreiðslu ályktunarinnar. Miklar umræður sköpuðust um ólík viðhorf til ályktunarinnar og voru lagðar fram 143 breytingartillögur við hana og voru 40% þeirra samþykktar og ályktunin í framhaldinu samþykkt. Birgitta Jónsdóttir og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir tóku báðar þátt í störfum nefndarinnar og greiddu atkvæði gegn samþykkt hennar. Birgitta tók til máls í umræðum um ályktunina og mótmælti efnistöðum hennar harðlega auk fulltrúa fleiri Evrópuríkja.

Í 2. nefnd, um sjálfbæra þróun og efnahags- og viðskiptamál, var samþykkt einróma ályktun um hvernig stuðla mætti að auknu alþjóðlegu samstarfi um ný markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun með sérstaka áherslu á konur sem drifkraft þróunar. Þá tók nefndin ákvörðun um að næsta umræðuefni hennar yrði um hvernig virkja mætti einkageirann við innleiðingu þróunarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, með sérstaka áherslu á endurnýtanlega orku. Í 3. nefnd, um lýðræði og mannréttindi, fór fram undirbúnings umræða um efni nefndarinnar tileinkað 20 ára afmæli *Universal Declaration on Democracy* með áherslu á fjölbreytni mannlífsins. Birgitta tók þátt í störfum nefndarinnar og lagði áherslu á mikilvægi þess að vandað yrði til verka við gerð ályktunarinnar sem kynnt yrði á haustþingi IPU í Pétursborg.

Enn fremur fór fram umræða um samfélagsmiðla og hvernig þingmenn nýta sér þá í starfi sínu. Áslaug Arna sagði frá reynslu sinni af notkun samfélagsmiðla og hvernig þeir hafa haft áhrif á framgang hennar í stjórnámálum. Hún sagði samfélagsmiðla hafa leikið stórt hlutverk í að koma henni á framfæri sem stjórnámálamanni og m.a. skapað henni dýrmætan umræðuvettvang og nálægð við kjósendur sína.

Þá fordæmdi forseti IPU efnavopnaárásirnar sem gerðar voru á Khan Sheikhoun í Sírlandi þar sem 88 manns, þar af 31 barn, fórust. Ráð IPU kom tvisvar saman á þinginu og afgreiddi fjölda mála. Aðildarríki IPU eru nú 173 talsins, en tvö ný aðildarríki voru boðin velkomin, þau Tuvalu og Mið-Afríkulýðveldið. Rætt var um fjárhagsáætlun fyrir árin 2016 og 2017 og hún samþykkt auk þess sem yfirlit yfir skipulagða fundi var kynnt. Nefnd um mannréttindi þingmanna kynnti skýrslur um brot gegn mannréttindum þingmanna og samþykkti ráðið ályktanir á grundvelli þeirra.

Næsta þing IPU verður haldið í Pétursborg 14.-18. október 2017. Frekari upplýsingar má nálgast á nefndasviði og á vefsvæðinu <http://www.ipu.org/>.

